



Borgarráð

Aðstöðumál Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns - viljayfirlýsing

Á fundi borgarráðs þann 3. september 2020 var samþykkt forgangsröðun íþróttamannvirkja borgarinnar til 2030. Í kjölfar samþykktar fjárfestingaráætlunar til næstu ára hafa farið fram viðræður við forystu Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns um þau verkefni sem að þeim snúa. Þær hafa meðal annars fjallað um hvort flýta megi umbótum í aðstöðu fyrir knattspyrnu og staðsetningu nýs gervigrasvallar og umbætur í innanhúsaðstöðu félaganna, m.a. í ljósi hugmynda um þjóðarhöll í innanhúsiþróttum. Til að áréttu sameiginlegan hug og vilja varðandi næstu skref er lagt til að borgarráð samþykki drög að viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar, Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns vegna aðstöðumála félaganna.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar, Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns vegna aðstöðumála, drög.

Drög 11. febrúar 2021

Knattspyrnufélagið Þróttur, Glímufélagið Ármann og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 gera með sér eftirfarandi

VILJAYFIRLÝSINGU

Reykjavíkurborg, Knattspyrnufélagið Þróttur og Glímufélagið Ármann eru sammála um að lokið verði við þarfagreiningu vegna nýs íþróttahúss fyrir félögin og að strax hefjist undirbúningur við gerð nýs deiliskipulags byggt á hugmyndum félaganna um íþróttamannvirki í Laugardal.

Vinnu við þarfagreiningu íþróttahúss skal lokið eigi síðar en 30. apríl 2021. Stefnt skal að því að nýtt deiliskipulag vegna Laugardalsins þess verði tilbúið til auglýsingar eigi síðar en 1. desember 2021.

Reykjavíkurborg lýsir vilja til að flýta framkvæmdum við endurnýjun núverandi gervigrasvallar Þróttar (Eimskipsvöllur svokallaður) og gerð nýrra gervigrasvalla til knattspyrnuíðkunar á æfingavelli Þróttar austan Laugardalsvallar miðað við fimm ára fjárfestingaráætlun borgarinnar.

Unnin verður sameiginleg tímasett framkvæmdaáætlun um verkefnin, þmt skipulags- og undirbúningstíma. Áætlunin skal liggja fyrir í síðasta lagi 30. apríl 2021. Deiliskipulag fyrir gervigrasvelli austan Laugardalsvallar verði tilbúið til auglýsingar á sama tíma sbr. ákvæði í erindisbréfi borgarstjóra til starfshóps um skipulags- og uppbyggingarmál Þróttar og Ármanns, sbr. fsk.

Gert er ráð fyrir að þegar framkvæmdum við nýja gervigrasvelli er að fullu lokið láti Þróttur af hendi grasæfingasvæði við TBR og Suðurlandsbraut og fái síðar, að loknum framkvæmdum við nýjan frjálsíþróttavöll og nýtt kastssvæði, svæðið norðan Laugardalsvallar, þar sem verði æfingasvæði fyrir knattspyrnu með náttúrulegu grasi.

Þróttur og Ármann lýsa sig tilbúin til viðræðna við borgina um að Laugardalshöll verði breytt í íþróttahús fyrir félögin og jafnframt að skólar hverfisins fái þar aðstöðu eins og þarf verði af byggingu Þjóðarhallar í innanhúsiþróttum í Laugardal.

Verði Laugardalshöll íþróttahús fyrir félögin verður að tryggja að félagsaðstaða beggja félaganna verði tryggð í Laugabóli og Laugardalshöll.

Þegar fyrir liggja niðurstöður skv. erindisbréfi er gert ráð fyrir því að gengið verði frá formlegum samningi milli Reykjavíkurborgar og Þróttar og Ármanns um framkvæmdir við íþróttamannvirki í Laugardal þar sem fram komi áætlaður stofnkostnaður mannvirkja og rekstrarkostnaður, forgangsröðun þeirra og frekari útfærsla.

Sérstakur starfshópur félaganna, ÍBR, SFS, ÍTR og USK skal skipaður með erindisbréfi og annist samstarf um ofangreind verkefni milli Reykjavíkurborgar, Þróttar og Ármanns um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal.

Reykjavík, febrúar 2021

Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri

Knattspyrnufélagið Þróttur
formaður

Glímufélagið Ármann
formaður